


DEILISKIPULAG KRINGLUNNAR - OFANLEITI 2 - BREYTING Á SKILMÁLUM



Breyting á Deiliskipulagi Kringlunnar, Ofanleiti 1 og 2, samþykkt í Reykjavíkurborg 8. nóv. 2013 tók gildi 3. des. 2013. Vesturgafi byggingar er innan hringins.

GREINARGERÐ

I gildi er deiliskipulag, samþykkt í borgarráði 13. maí 1986 með síðari breytingum.


Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin innan miðsvæðis, M8 Kringlan-Listabraut, þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, veitingahúsum, ýmiss konar afþreyingu, skrifstofum og íbúðum.

Lýsing á breytingu:

Breytingin felst í að heimilt verði að setja upp allt að 43m² stafrænt þjónustuskilti á vesturgafi húss á lóð nr. 2 við Ofanleiti, þeirri hlið sem snýr að Kringlumýrarbraut. Skiltið skal falla vel að húsi og umhverfi þess. Skiltið skal vera lágstemmt, og fylgja að öllu leyti þeim leiðbeiningum sem gilda hverju sinni um skilti innan Reykjavíkur, þar með talið birtustig. Skiltið er ekki ætlað fyrir auglýsingar og hreyfimyndir eru ekki heimilar. Slökkt skal vera á skiltinu að nóttu til í samræmi við gildandi stefnu Reykjavíkurborgar um skilti. Á skiltinu munu einkunarorð fyrirtækisins koma fram ásamt mynd með tilvitnun í verkefni fyrirtækisins, með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár sbr. skýringamyndir. Að öðru leyti gilda fyrri skilmálar deiliskipulags.

UMHVERFISÁHRIF BREYTINGAR

Breyting deiliskipulagsins er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfið. Þjónustuskiltið sem heimilt verður að festa á vesturgafi byggingar tekur mið af henni varðandi hlutföll og yfirbragð og fellur vel að staðaranda umhverfisins. Skiltið vísar til vesturs en ólíklegt er talið að skiltið hafi áhrif á umferð á Kringlumýrarbraut, þar sem eðli þess er ekki líklegt til að fanga athygli vegfarenda. Ekki er heldur talið líklegt að skiltið hafi áhrif á íbúðarbyggð vestan hennar vegna fjarlægðar auk þess sem gróður, manir og skjólveggir hindra sýn. Ljómi skiltis í dagsbirtu og í myrkri er undir þeim mörkum sem Samþykkt um skilti í Reykjavík segir til um. Skiltið er búið dagsbirtuskynjara og því auðvelt að aðlaga ljóma skiltis ef aðstæður eða skilyrði borgarinnar breytast.



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

SKÝRINGAR

--- Mörk deiliskipulagsbreytingar


SKÝRINGARMYNDIR



1. Núverandi dúkskilti, séð frá Kringlumýrarbraut



2. Nýtt þjónustuskilti, séð frá Kringlumýrarbraut



3. Hægt er að slökkva á myndefninu

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

Við embætti f. skipulagsfulltrúa þann 14. nóvember 2024

Tillagan var grenndarkynnt frá 7. ágúst 2024 með athugasemdafresti til 4. september 2024.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 22. nóv. 2024

Þórunn Arnar

14. nóv. 2024: Breytt eftir grenndarkynningu.

DAGS. 8. janúar 2024 UNNIÐ AF: Ulla R. Pedersen Landslagsarkitekt FÍLA Erla Bryndís Kristjánsdóttir Landslagsarkitekt FÍLA RÝNT: EBK SAMP: URP VERKÍSFANG: 96022018

